



ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (EB) nr. 1272/2008

Útgáfa: 2.0

Dags.: 6. apríl 2015

1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

1.1. Vörukenni **SUPER LUBE AEROSOL**

1.2. Tilgreind notkun Smurólía (úði)

1.3. Söluaðili Olíuverzlun Íslands hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Sími: 515 1000

Netfang: olis@olis.is

Veffang: www.olis.is

1.4. Neyðarsímanúmer

Neyðarlínan: 112

Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

2. HÆTTUGREINING

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar

CLP-FLOKKUN

Eit. v. ásvelg. 1
Húðert. 2
STOT SE 3

2.2. Merkingaratriði

Hættumerki



Viðvörðunarorð

Hættusetningar (CLP)

Hætta
H222 – Úðabrusi með afar eldfimum efnum.
H229 – Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun.
H315 – Veldur húðertingu.
H336 – Getur valdið sljóleika eða svima.
H410 – Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

Varnaðarsetningar (CLP)

P210 – Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikivöldum. Reykingar bannaðar.
P211 – Má ekki úða á opinn eld eða annan íkveikjuvald.
P251 – Ekki má gata eða brenna brúsa jafnvel þótt þeir séu tómir.
P280 – Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífir/andlitshlífir.
P302+P352 – BERIST EFNID Á HÚÐ: Þvoið með miklu vatni
P304+P340 – EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun.
P312 – Hringið í EITRUNARMIÐSTÖÐ/lækni ef lasleika verður vart
P410+P412 – Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50°C.
Þrýstihylki. Hlífið við beinu sólarljósi og hita yfir 50°C. Ekki gata eða brenna, jafnvel þótt ílát séu tóm. Úðið ekki á opinn eld eða glóandi efni.
Bútan, própan.

Aðrar merkingar

Hættuleg innihaldsefni

2.3. Aðrar hættur

Hættur

Purrkar húð. Leki getur valdið háلكu.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.2 Blanda

Blanda

Efnispáttur	Efnakenni	Magn %	CLP-flokkun	Ath
Eimi (jarðolía), vetnismeðhöndlað, létt	CAS#: 64742-47-8 EINECS#: 265-149-8 REACH#: 01-2119484819-18	35-55	Eit. v. ásvelg. 1; H304	1

n-Heptan	CAS#: 142-82-5 EINECS#: 205-563-8 REACH#: 01-2009457603-38	20-25	Eldf. vökví 2; H225 Eit. v. ásvelg. 1; H304 Húðert. 2; H315 Bráð eit. á vatn. 1; H400 Langv. eit. á vatn. 1; H410 STOT SE 3; H336	1
Hvítolía (jarðolía)	CAS#: 8042-47-5 EINECS#: 232-455-8 REACH#: 01-2119487078-27	2,5-10	Ekki flokkað	2
Dek-1-en, einsleit fjölliða, vetnismeðhöndluð	CAS#: 68037-01-4 EINECS#: 500-183-1 REACH#: 01-2119486452-34	2,5-10	Ekki flokkað	2
Koltvísýringur	CAS#: 124-38-9	2,5-10	Lofitt. u. þrýst.; H280	
Sílan, díklórdímetýl-, hvarfefni við sílíka	CAS#: 68611-44-9 EINECS#: 271-893-4	2,5-10	Ekki flokkað	2

1. Efni flokkað sem skaðlegt heilsu eða umhverfi.
2. Efni með tilgreind viðmiðunarmörk fyrir váhrif. Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHLJÁLPI

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Eftir innöndun	Færið viðkomandi í ferskt loft og í stellingu sem léttir öndun. Leitið lækni ef einkenni vara.
Eftir snertingu við augu	Fjarlægjið snertilinsur og skolið opin augu með vatni í a.m.k. mínútur. Leitið lækni ef einkenni vara.
Eftir snertingu við húð	Skolið húðina með sápu og vatni eða viðurkenndum húðhreinis. Fjarlægjið föt og skó sem óhreinkast af efninu. Hendið óhreinkuðum fatnaði og skóm eða þvoði vel fyrir næstu notkun. Leitið lækni ef einkenna verður vart.
Eftir inntöku	Ekki líkleg íkomuleið þar sem efnið er í úðabrúsa. Skolið munninn með vatni. Takið út gervitennur. Flytjið viðkomandi í ferskt loft. Haldið heitum og látið hvílast. Ef viðkomandi er með meðvitund, gefið vatn að drekka í smáum skömmtum. Ekki framkalla uppköst nema að ráði heilbrigðisstarfsfólks. Ef uppköst verða, hallið höfðinu fram og niður þannig að ælan berist síður í lungu. Leitið lækni ef einkenni vara eða ágerast. Ef meðvitundarlaus, setjið í læsta hliðarlegu. Haldið öndunarvegi opnum. Losið um þröngan fatnað, s.s. hálsbindi, belti, kraga o.s.frv.
Skyndihjálpi	Ekki gera neitt án viðeigandi þjálfunar eða sem stofnar eigin öryggi í hættu.

4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Innöndun	Ógleði eða uppköst. Erting í öndunarvegi. Hósti. Höfuðverkur. Sljóleiki/svimi.
Augu	Erting. Roði.
Húð	Þurrkur. Roði. Erting. Útbrot.
Inntaka	Ekki líkleg íkomuleið þar sem efnið er í úðabrúsa. Getur valdið ógleði, niðurgangi og magaverkjum.

4.3. Merki um þörf á bráðri lækniþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

Til heilbrigðisstarfsfólks	Meðhöndlið einkenni. Hafið samband við Eitrunarmiðstöð eftir innöndun eða inntöku í miklu magni.
Meðhöndlun	Engin sérstök meðhöndlun.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

5.1. Slökkvibúnaður

Viðeigandi	Froða, vatnsúði, slökkviduft, koltvísýringur.
Óviðeigandi	Ekki nota vatnsbunu.

5.2. Sérstök hættu af blöndunni

Hætta	Eldfimir úði. Við bruna eða upphitun eykst þrýstingur og ílát getur sprungið. Gas getur ferðast með jörðinni, safnast fyrir í lægðum og dældum, borið eld að upptökum og valdið bruna eða sprengingu. Þrýstihylki sem springa geta breitt út eld með gríðarlegum hraða. Leki efnið í niðurföll getur það valdið bruna- og sprengihættu.
Myndefni við bruna	Koltvísýringur, kolsýringur.

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Sérstakar ráðstafanir	Ekki gera neitt sem stofnar eigin öryggi í hættu eða án viðeigandi þjálfunar. Afmarkið og rýmið svæðið strax í tilviki bruna. Flytjið umbúðir af svæðinu ef mögulegt án áhættu. Kælið með vatnsúða.
------------------------------	---

Hlíðarbúnaður

Slökkviliðsmenn skulu nota viðeigandi hlífðarbúnað og ferskloftstæki með öndunargrímu sem hylur allt andlitið og stillt á yfirbrýsting. Fatnaður (þ.m.t. hjálmar, skór og hanskar) sem uppfyllir skilyrði EN 469 veita grunnvörn í tilviki efnaleka.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

Ráðstafanir

Ekki gera neitt sem stofnar eigin öryggi í hættu eða án viðeigandi þjálfunar. Rýmið nærliggjandi svæði. Haldið óviðkomandi og óvörðu fólki frá. Ef þrýstihylki springur, skal tryggja að innihald og drifefni séu hreinsuð strax. Snertið hvorki né gangið á leka. Gólf geta verið hál; gætið varúðar og notið persónuhlífar. Fjarlægjið alla íkveikjugjafa og haldið fjarri eldi og neistum. Reykingar bannaðar. Tryggið næga loftræstingu. Notið viðeigandi persónuhlífar. Sjá 8. lið fyrir upplýsingar um viðeigandi persónuhlífar, ósamrýmanleg efni og hreinlætisráðstafanir.

Bráðaliðar

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Ráðstafanir

Engar sérstakar ráðstafanir. Loftræstið.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Minniháttar leki

Loftræstið.

Meiriháttar leki

Loftræstið. Notið hvarftregt ísogsefni til að safna leka.

6.4. Tilvísun í aðra liði

Aðrir liðir

Sjá liði 1, 8 og 13.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Ráðstafanir

Notið viðeigandi persónuhlífar (sjá 8. lið). Þrýstihylki. Hlífið við beinu sólarljósi og hita yfir 50°C. Ekki gata eða brenna, jafnvel þótt ílát sé tomt. Takið ekki inn. Varist snertingu við augu, húð og fatnað. Varist innöndun lofttegunda, gufu og úða. Látið ekki berast út í umhverfið. Tryggið næga loftræstingu. Varist og notið fjarri hita, neistum, opnum eldi og öðrum íkveikjugjöfum. Úðið ekki á opinn eld eða glóheitt efni. Notið sprengiheldan búnað. Töm ílát geta geymt efnaleifar og verið hættuleg. Þvúið hendur vandlega eftir meðhöndlun. Neytið ekki matar, drykkjar eða tóbaks við notkun þessarar vöru. Farið úr óhreinkuðum fatnaði áður en gengið er inn í rými þar sem matast er.

Hreinlæti

7.2. Örugg geymsluskiyrði, einnig m.t.t. ósamrýmanleika

Geymsla

Geymið fjarri sólarljósi, ósamrýmanlegum efnum og mat og drykk á þurrum, köldum og vel loftræstum stað.

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

Almenn atriði

Hugið að hættulegum eiginleikum efnisins (sjá 2. lið), váhrifamörkum, einstökum aðgerðum og öðrum efnum á vinnustaðnum við tæknilegar ráðstafanir og val á persónuhlífum. Ef tæknilegar ráðstafanir eða verklag er með þeim hætti að ekki dugar til að hindra áverkun efnisins í magni yfir váhrifamörkum, er notkun á neðantöldum hlífðarbúnaði ráðlögð. Notandi ætti að lesa og skilja allar leiðbeiningar og takmarkanir sem fylgja búnaðinum, þar sem hann veitir jafnan aðeins vörn í tiltekinn tíma eða við tiltekna aðstæður. Sjá viðeigandi CEN-staðla.

8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

Váhrifamörk á vinnustað

CAS#	Heiti	Gildi	mg/m ³	ppm	Aths.
64742-47-8	Eimi (jarðolía), vetnismeðhöndlað, létt	8 klst. 15 mín.	1 3	-	AFS 2011:18 (Svíþjóð)
142-82-5	n-Heptan	8 klst. 15 mín.	800 1200	-	AFS 2011:18 (Svíþjóð)
8042-47-5	Hvítolía (jarðolía)	8 klst. 15 mín.	1 3	-	AFS 2011:18 (Svíþjóð)
68037-01-4	Dek-1-en, einsleit fjölíða, vetnismeðhöndluð	8 klst. 15 mín.	1 3	-	AFS 2011:18 (Svíþjóð)
124-38-9	Koltvísýringur	8 klst. 15 mín.	9000 18000	-	AFS 2011:18 (Svíþjóð)
68611-44-9	Sílan, díklórmetýl-, hvarfefni við sílíka	8 klst. Þakgildi	6 10	-	ACGIH (Bretland)

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar ráðstafanir

Tryggið næga loftræstingu. Persónuhlífar skulu aðeins koma til greina eftir að aðrar tæknilegar ráðstafanir hafa verið vandlega yfirvegaðar. Persónuhlífar skulu uppfylla viðeigandi staðla, vera í góðu standi og vel við haldið. Leita skal ráða hjá birgi við val á persónuhlífum að teknu tilliti til viðeigandi staðla (EN14042). Hafið samband við Staðlaráð Íslands fyrir frekari upplýsingar um staðla. Mikilvægt er að ganga úr skugga um að persónuhlífar eigi saman.

Hreinlæti

Gætið ávallt viðeigandi hreinlætis. Þvoið hendur upp að olnboga og andlit eftir meðhöndlun efna, áður en matast er, reykt, farið á snyrtingu og í lok vinnudags. Þvoið vinnufatnað og hlífðarbúnað reglulega. Fleygið óhreinum fatnaði og skóbúnaði sem ekki er hægt að þvo. Tileinkið ykkur góða umgengni.

Til hlífðar augum

Til hlífðar húð

Notið viðurkennd öryggisgleraugu ef hætta er á slettum, úða eða gufu. Notkun hlífðarfátnaðar er góð vinnuregla. Val á hlífðarfátnaði skal byggja á eðli verks og hættum sem því fylgja. Vinnugallar úr pólýester/bómull veita aðeins vörn gegn minniháttar slettum. Vinnugalla skal þvo reglulega. Notið efnaþolnar svuntur og/eða ógegndræpan hlífðarfátnað og stígvél ef hætta er á snertingu við mikið magn efnisins.

Til hlífðar höndum

Notið hlífðarhanska ef hætta er á langvinnri eða endurtekinni snertingu við efnið. Notið efnaþolna hanska sem uppfylla kröfur staðalsins EN374.

Ráðlagt efni í hönskum: PE/EVAL, nítírlgúmmi, vítón.

Rétt val hönskum fer eftir efninu sem notað er, vinnuaðstæðum, eðli verks og ástand hanskana (jafnvel efnaþolnustu hanskar slitna við endurtekna snertingu við efni). Flestir hanskar veita aðeins vörn í skamman tíma áður en þeim þarf að skipta út.

Til hlífðar öndun

Til verndar umhverfi

Notið viðurkennda öndunargrímu með samsettri síu: AX2/P2.

Fylgið gildandi umhverfisverndarlöggjöf um takmarkanir á losun.

Gerðið viðeigandi ráðstafanir til að hindra eða takmarka losun.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Útlit	Vökvi/úði
Eðlisástand	Úði
Litur	Litarlaust
Lykt	Leysiefni
Lyktarþröskuldur	Engin gögn
pH-gildi	Engin gögn
Bræðslumark	Engin gögn
Frostmark	Engin gögn
Upphafssuðumark	Engin gögn
Blossamark	Engin gögn
Uppgufunarhraði	Engin gögn
Eldfimi (fast, gas)	Engin gögn
Íkveikju- og sprengimörk	
- efri	7,0%
- neðri	1,1%
Gufuþrýstingur	5 - 5,5 bör við 20°C
Gufuþéttni (loft=1)	Engin gögn
Eðlisþyngd	Engin gögn
Vatnsleysni	Óleysanlegt
Leysni	Engin gögn
Sjálfsíkveikjuhitastig	Engin gögn
Niðurbrotshitastig	Engin gögn
Seigja	Engin gögn
Sprengieiginleikar	Engin gögn
Oxunareiginleikar	Engin gögn

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni Engin gögn.

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki Efnið er stöðugt.

10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Skaðleg fjölliðun/efnahvörf Ekki hætta á skaðlegri fjölliðun eða efnahvörfum við venjulega notkun og geymslu.

10.4. Skilyrði sem ber að varast

Varasöm skilyrði Varist mögulega íkveikjugjafa (hita, neista, eld).

10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni Engin sérstök ósamrýmanleg efni eða efnahópar.

10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Niðurbrotsefni Skaðleg niðurbrotsefni myndast ekki við venjulega notkun og geymslu.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Bráð eiturhrif Engin þekkt bráð eiturhrif við stofuhita. Hins vegar getur innöndun þéttar gufu yfir 700 ppm verið ertandi fyrir öndunarfæri og valdið sljóleika, höfuðverk og öðrum áhrifum á miðtaugakerfið. Própan veldur sljóleika við 100.000 ppm.

n-Heptan

LC50	Innöndun, rotta	>103 g/m ³
------	-----------------	-----------------------

Eimi (jarðolía), vetnismeðhöndlað, létt

LD50	Húð, kanína	>2000 mg/kg
------	-------------	-------------

Hvítolía (jarðolía)

LD50	Inntaka, rotta	>5000 mg/kg
------	----------------	-------------

Koltvísýringur

LC50	Innöndun, rotta	>5000 mg/kg
------	-----------------	-------------

Inntaka

Ertir munn, háls og maga.

Húð

Þurrkar húð og getur valdið húðertingu.

Innöndun

Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima. angvinn og/eða endurtekin snerting við leysiefni getur valdið varanlegum skaða.

Augu

Getur valdið augnertingu.

Einkenni tengd eðlis-, efna- og eiturefnafræðilegum eiginleikum

Innöndun

Ógleði eða uppköst. Erting öndunarfæra. Hósti. Höfuðverkur. Sljóleiki/svimi. Mikil váhrif geta valdið meðvitundarleysi eða dauða.

Augu

Erting. Roði.

Húð

Húðþurrkur. Roði. Erting. Sprungin húð.

Inntaka

Ekki líkleg íkomuleið þar sem efnið er í úðabrusa. Getur valdið ógleði, uppköstum, niðurgangi og magaverkjum.

Bráð eða tafin áhrif við skammvinna eða langvinna snertingu

Möguleg langvinn áhrif

Langvinn eða endurtekin snerting getur þurrkað húðina og valdið ertingu, sprungum í húð og/eða húðbólgu.

Næming

Engin gögn.

Stökkbreytandi áhrif

Engin þekkt.

Krabbameinsvaldandi áhrif

Engin þekkt.

Eiturhrif á æxlun

Engin þekkt.

Eiturhrif á þroskun

Engin þekkt.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

12.1. Eiturhrif

Eiturhrif

Eitrað vatnalífi.

12.2. Þrávirkni og niðurbrjótanleiki

Lífbrjótanleiki

Engin gögn tiltæk fyrir efnið.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun

Engin gögn.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki

Engin gögn.

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

PBT/vPvB

Efnið er ekki eða inniheldur ekki PBT- eða vPvB-efni yfir 0,1%.

12.6. Önnur váhrif

Váhrif

Engin gögn.

13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Förgun vörunnar

Varist eða lágmarkið myndun úrgangs. Fargið efninu, lausnum þess og aukaafurðum hjá viðurkenndum förgunaraðila.

Hættulegur úrgangur

Fargið efninu og umbúðum þess sem hættulegum úrgangi í samræmi við gildandi lög og reglur.

Förgun umbúða
Úrgangskóði (EWC)


Þrýstihylki. Ekki skera, gata eða brenna/logsjóða, jafnvel þótt ílát sé tomt.
15 01 10 - Umbúðir sem innihalda leifar hættulegra efna eða eru mengaðar af þeim.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

14.1. Alþjóðlegar reglur

ADR/RID

UN-númer	1950
Rétt sendingarheiti	AEROSOLS, Flammable
Flokkur	5F
Merkingar	2.1
Gangakóði	D
Takmarkað magn	LQ2. 1 lítra innri umbúðir.
Hættumerki	



IMDG/IATA

UN-númer	1950
Rétt sendingarheiti	AEROSOLS
Flokkur	2
EmS	F-D, S-U
Pökkunarleiðb. (farmflugvél)	203
Sjávarmengandi	Já
Hættumerki	



15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

15.1. Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis
Sértek löggjöf

Reglugerð nr. 1907/2006 (REACH) – viðauki XVII: Takmarkanir að því er varðar framleiðslu, setningu á markað og notkun tiltekinna hættulegra efna, blandna og hluta.

15.2. Efnaöryggismat

Efnaöryggismat Efnaöryggismat liggur ekki fyrir.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

CLP	H222 – Úðabrúsi með afar eldfimum efnum. H225 – Mjög eldfimur vökvi og gufa. H229 – Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun. H280 – Inniheldur lofttegund undir þrýstingi. H304 – Getur verið þanvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg. H315 – Húðertandi. H336 – Getur valdið sljóleika eða svima. H400 – Mjög eitrað lífi í vatni. H410 – Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.
Skammstafanir	ADN: Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum. Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum. ADR: Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum . Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum. DNEL: Viðmiðunarmörk fyrir váhrif. IMDG: Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning. PBT: Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð. PNEC: Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrirsjáanleg. REACH: Skráning, mat, leyfisveiting og takmarkanir að því er varðar efni. TWA: Tímavegið meðaltal. vPvB: Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

Endurskoðun	6. apríl 2015.
Útgáfa	2.0
Gert þann	3. desember 2015.
Þýðing og uppsetning	Reynir Hjálmarsson
Heimild	Cargo Oil AB, sds@cargo-oil.se